

**Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 3. febrúar 2016 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-67/2015:

**I**

**Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 26. ágúst sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna ágreinings um fjárhæð reiknings vegna múrvinnu, sem hann keypti af Y. Álitsbeiðandi krefst þess að reikningur seljanda verði lækkaður.

**II**

**Málsmeðferð kæruneftndarinnar**

Með bréfi, dags. 10. september sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og frest til þess að skila þeim til 24. september. Hvorki andsvör né frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 22. janúar, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

**III**

**Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur fram að, ótímasett, að sumarið 2015 hafi álitsbeiðandi fengið seljanda til að framkvæma múrviðgerðir á svölum fasteignar sinnar. Að verkinu loknu sendi seljandi álitsbeiðanda reikning að fjárhæð kr. 230.615. Telur álitsbeiðandi reikninginn of háan. Rekur hann að áður en verkið hafi hafist hafi tveir verkstjórar, annar múrari, komið og skoðað svalirnar og rætt hvað þyrfti að gera. Fyrir það hafi verið rukkuð 2 tíma vinna vegna verkstjórnar, kr. 6.200 á tímann. Hafi báðir menn hins vegar verið skemur en stundarfjórðung á staðnum. Á fyrsta verkdegi hafi fyrst komið múrari ásamt undirmanni. Múrarin hafi, á innan við stundarfjórðungi útskýrt fyrir undirmanninum hvernig vinna ætti verkið. Um klukkustund síðar hafi undirmaðurinn komið aftur ásamt öðrum manni og unnið í 1 klukkustund. Á öðrum verkdegi unnu sömu tveir menn í rúmlega 7 klukkustundir og lokið verkinu. Fyrir þetta hafi síðan verið rukkaður samtals 31 tími, kr. 5.800 á tímann.

Segir álitsbeiðandi að múrvinnan hafi verið fólgin í því að saga með steypusög rönd meðfram húsvegg og steypa ofaní. Það sjáist á myndum og við nánari skoðun að við verkið hafi aðeins verið notaðir 6-7 lítrar af múrblöndu, en 1 kíló af múrblöndu sé rúmlega 1,5 lítrar. Segir álitsbeiðandi að slíkt magn stemmi við frásögn nágranna hans, sem þurft hafi að láta framkvæma svipað verk, en hjá þeim hafi verið notuð um 5 kíló af múrblöndu. Venjulegur 5 kílóa poki af múrblöndu kosti kr. 2.460 í smásölu. Seljandi hafi hins vegar rukkað kr. 25.940 fyrir efni.

Sem fyrr segir telur álitsbeiðandi reikning seljanda of háan. Segir álitsbeiðandi að til að reikningurinn geti talist réttur að sínu mati, þurfi bæði að leiðrétta þann lið reikningsins sem varði efniskostnað, sem og fjölda unninna tíma múraranna, sem álitsbeiðandi telur að eigi að vera samtals 21 tími, en ekki 31. Telur álitsbeiðandi því að efniskostnaður ætti að vera kr. 2.460 en ekki 25.940. Þá telur álitsbeiðandi að honum beri aðeins að greiða kr. 121.800 fyrir 21 unnin tíma, en ekki kr. 179.800 fyrir 31 tíma. Álitsbeiðandi gerir ekki athugasemdir við unna tíma vegna verkstjórnar, né vegna annarra liða, svo sem aksturs og verkfæragjalds. Telur álitsbeiðandi því að rétt fjárhæð reiknings seljanda sé kr. 141.700 og gerir þá kröfu að reikningur seljanda verði lækkaður til samræmis við það. Þá krefst

álitsbeiðandi þess að seljandi gefi upp sundurliðun á því efni sem notað var við verkið, en seljandi hafi neitað að verða við því.

#### IV

##### Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 42/2000 um þjónustukaup.

Seljandi hefur ekki sent kærunefndinni andsvör og verður að því er atvik málsins varðar að byggja á því sem kemur fram í þeim gögnum sem álitsbeiðandi hefur sent nefndinni.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi múrvinnu af seljanda snemma sumarið 2015. Sendi seljandi álitsbeiðanda reikning vegna verksins, dags. 23. júní 2015, að fjárhæð kr. 230.615. Álitsbeiðandi telur tvo liði reikningsins vera of háa. Annarsvegar efniskostnað, sem álitsbeiðandi telur, með þeim rökum sem færð eru í álitsbeiðni, að ætti að vera kr. 2.460, en ekki kr. 25.940. Þá telur álitsbeiðandi að múrarar, sem skv. reikningi unnu 31 tíma við verkið, hafi aðeins unnið 21 tíma og munar þá kr. 58.000. Telur álitsbeiðandi þannig að reikningur seljanda ætti að lækka um kr. 81.480, þ.e. úr kr. 230.615 í krónur 149.135. Fyrir þessari fullyrðingu liggur nokkuð nákvæm tímaskráning álitsbeiðanda sjálfs, sem ekki hefur verið dregin í efa af seljanda.

Kærunefndin telur, með vísan til þess að ekki virðist hafa verið samið um fast tilboð í umrætt verk, svo sannanlegt sé, að afgreiðsla nefndarinnar í málinu felist í því að taka afstöðu til þess hvort reikningur seljanda sé í samræmi við ákvæði 28. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup, en greinin hljóðar svo:

„Hafi ekki verið samið um verð fyrir keypta þjónustu skal neytandi greiða það verð sem telja má sanngjarnt með hliðsjón af því hve vinnan er mikil og hvers eðlis hún er.“

Álitsbeiðandi telur að seljandi hafi ofrukkað um 10 tíma vinnu múrara. Byggir þetta á því að álitsbeiðandi fylgdist með því hvenær og hve lengi verk var unnið. Seljandi hefur ekki mótmælt þessum skilningi álitsbeiðanda. Telur nefndin því rétt að fallast á kröfu álitsbeiðanda að reikningur seljanda verði lækkaður sem þessu nemur, þ.e. um kr. 58.000.

Álitsbeiðandi telur einnig að seljandi hafi ofrukkað fyrir efniskaup. Vísar hann til þess að við sambærileg verk hjá nágrönnum hans hafi verið notuð aðeins 5 kg af múrblöndu, en það magn kosti aðeins 2.460 í smásölu og sé því í verulegu ósamræmi við efniskostnað upp á kr. 25.940 í reikningi seljanda. Kærunefndin telur í þessu samhengi að ekki sé hægt að fullyrða hvort aðeins hafi verið notuð 5 kg af múrblöndu, né að umrædd múrblanda hafi verið af þeirri gerð – og því á því verði – sem álitsbeiðandi telur líklegt. Hins vegar megi til sanns vegar færa að fjárhæð vegna efniskostnaðar sé óréttlætánlega há miðað við verkið og mögulega hámaraks efnispörf við það. Telur kærunefndin því rétt að lækka umræddan kostnaðarlið um kr. 15.000. Telur því kærunefndin rétt að heildar fjárhæð reiknings seljanda sé lækkuð úr kr. 230.615, í krónur 157.615. Af gögnum máls verður ráðið að reikningur seljanda hafi enn ekki verið greiddur. Skv. þessu ber álitsbeiðanda því að greiða seljanda kr. 157.615.

Nefndarmaðurinn Hildigunnur Hafsteinsdóttir var vanhæf til meðferðar málsins og tók varamaður sæti í nefndinni við afgreiðslu þess.

#### V

**Álitsorð**

Álitsbeiðandi, X, greiði seljanda, Y ehf., kr. 157.615.

---

Pétur Örn Sverrisson  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Jón Magnússon